

Jólasöngsamvera 11. des 2023

Allir í jóla-söng-stuði í Stóru-Vogaskóla !



Gítagríp neðanmáls
(notes pages)
ÞÖÁ & LW tóku saman


Jólin koma

W.B.Brandbury / Jóhannes úr Kötlum **D** eða **C**

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallett
í það minnsta kerti og spil.



Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.



Aðfangadagskvöld

Stephen C. Foster / Ragnar Jóhannesson

A –dúr (eða C)

- Nú er Gunna á nýju skónum,
nú eru að koma jól.
::: Siggi er á síðum buxum,
Solla á bláum kjól :::

Mamma er enn í eldhúsinu
eitthvað að fást við mat.

::: Indæla steik hún er að færa
upp á stærðar fat :::

■ Framhald →



Nú er Gunna....3-4

Pabbi enn í ógnarbasli
á með flibbann sinn.

:::Fljótur, Siggi, finndu snöggvast
flibbahnappinn minn:::

Kisu er eitthvað órótt líka,
út fer brokkandi.

:::Ilmurinn úr eldhúsinu
er svo lokkandi :::

Nú er Gunna 5-6

Á borðinu ótal böggjar standa,
bannað að gægjast í.

:::Kæru vinir ósköp erfitt
:er að hlýða því :::

Jólatréð í stofu stendur,
stjörnuna glampar á.

:::Kertin standa á grænum greinum,
:gul og rauð og blá :::

13 dagar jóla

D-dúr Texti: Hinrik Bjarnason
Enskt jólalag

1. Á jóladaginn fyrsta hann Jónas færði mér
einn talandi páfugl á grein

2. Á jóladaginn annan hann Jónas færði mér
tvær dúfur til,

Og einn talandi páfugl á grein

3. Á jóladaginn þriðja hann Jónas færði mér
þrjú spök hænsn,

tvær dúfur til, og

einn talandi páfugl á grein

13 dagar jóla

D-dúr Texti: Hinrik Bjarnason

1. Á jóladaginn **fyrsta** hann
Jónas færði mér
einn talandi páfugl á grein

2. Á jóladaginn **annan** hann
Jónas færði mér
tvær dúfur til, og
einn talandi páfugl á grein

3. Á jóladaginn **þriðja** hann
Jónas færði mér
þrjú spök hænsn,
tvær dúfur til, og
einn talandi páfugl á grein

4. Á jóladaginn **fjórða** hann
Jónas færði mér
fjögur nautin feit,

þrjú spök hænsn,
tvær dúfur til, og
einn talandi páfugl á grein

5. Á jóladaginn **fimmta** hann
Jónas færði mér
fimmfaldan hring!

fjögur nautin feit
þrjú spök hænsn o.s.frv.

13 dagar jóla 2

6. Á jóladaginn sjötta hann Jónas færði mér **sex þýða presti,**

7. Á jóladaginn sjöunda hann Jónas færði mér **sjö hvíta svani,**

8. Á jóladaginn áttunda hann Jónas færði mér **átta kýr með klöfum, ..**

9. Á jóladaginn níunda hann Jónas færði mér **níu skip í naustum,**

10. Á jóladaginn tíunda ... **tíu hús á torgi, níu ...**

11. Á jóladaginn ellefta ... hann Jónas færði mér **ellefu hallir álfa, tíu ...**

12. Á jóladaginn tólfta ... **tólf lindir tærar,**

13. Á jóladaginn þrettánda hann Jónas færði mér **þrettán hesta þæga, tólf lindir tærar ellefu á grein.**

12 Days of Christmas

Gamall enskur jólasöngur

[https://www.youtube.com/watch?
v=oyEyMjdD2uk](https://www.youtube.com/watch?v=oyEyMjdD2uk)

Meiri snjó

C-dúr

Jule Styne / Sammy Dahn þýð. Ólafur Gaukur

Er lægst er á lofti sólin,
þá loksins koma jólin.
Við fögnum í friði og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það gleðst allur krakka-kórinn,
er kemur jólasnjórinn.
Og æskan fær aldrei nóg,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Meiri snjó, framhald

::: Það er barnanna besta stund,
þegar byrjar að snjóa á grund
Úti á flötinni fæðist hratt,
feikna snjókall með nef og með hatt.

Svo leggjast öll börn í bólin,
því bráðum koma jólin.
Þau fagna í friði og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.
Þau fagna í friði og ró,
meiri snjó, - - meiri snjó - -meiri snjó. :::

Jólasveinninn kemur í kvöld A (C)

Texti: Hinrik Bjarnason

- Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,
ekki nein köll því áðan barst frétt:
Jólasveinninn kemur í kvöld!

- Hann arkar um sveit og arkar í borg
og kynja margt veit um kæti og sorg.
Jólasveinninn kemur í kvöld!

–

Framhald

Jólasveinninn kemur ... 2

- Hann sér þig er þú sefur,
hann sér þig vöku í.
og góðum börnum gefur hann
svo gjafir, veistu' af því.
- Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,
ekki nein köll því áðan barst frétt:
Jólasveinninn kemur í kvöld!

Snjókorn falla

Erlent lag. Texti eftir Ladda **D** (c)

- Snjókorn falla á allt og alla.
Börnin leika og skemmta sér.
Nú er árstíð kærleika og friðar,
komið er að jólastund.
- Vinir hittast og halda veislur
borða saman jólamat,
gefa gjafir - fagna sigri ljóssins,
syngja saman jólalag.
- Á jólaball við höldum í kvöld
ég æt'l'a' kyssa þig undir mistilteini í kvöld
við kertaljóssins log.

Snjókorn falla framhald

- Götur ljóma - söngvar óma
gömlu lögin syngjum hátt
bara'ef jólin væru aðeins lengri
en hve gaman væri þá.
- Plötur hljóma - söngvar óma
gömlu lögin syngjum hátt
bar' ef jólin væru aðeins lengri
en hve gaman væri þá.

en hve gaman væri þá,
en hve gaman væri þá.
- 1. - og 2. vers endurtekin

Á jólunum er gleði og gaman

Friðrik Guðni / Spænskt þjóðlag E -moll

:::Á jólunum er gleði og gaman

fúm, fúm, fúm :::

:::Þá koma allir krakkar með

í kringum jólatréð.

Þá mun ríkja gleði og gaman,

allir hlæja og syngja saman

fúm, fúm, fúm!:::

Á jólunum er gleði og gaman 2

:::Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm :::

:::Hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana

Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm! :::

Á jólunum er gleði og gaman 3

:::Á jólunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm :::
::: Þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm! :::

Fimm mínútur í jól

D-dúr

Lagið Petit Garçon eftir R.Miller / G.Allwright, sem Nana Mouskouri syngur.
Margrét Pála Ólafsdóttir gerði íslenska textann.

- Er brúða eða bíll, bók eða lest,
þekkir einhver hér þennan jólagest
sem læðist um með sekk lætur oní skó,
meðan lítil börnin sofa vært í ró.
- Hvíldu höfuð hljótt.
Hlustaðu það kemur senn jólanótt.
Úti er snjór, úti er kalt,
úti hljóma jólabjöllur yfir allt.
- Er brúða eða bíll

Ó, Grýla

P.Lee & D.M.Barbour / Ómar Ragnarsson

G-dúr

Grýla heitir grettin mæ,
Í gömlum helli býr,
hún unir sér í sveitinni
við sínar ær og kýr.

Hún þekkir ekki glaum og glys
né götulífsins spé
og næstum eins og nunna er,
þótt níuhundruð ára sé.

::: Ó Grýla, ó Grýla, ó Grýla
Í gamla hellinum.:::

Hún sinnir engu öðru
nema elda nótt og dag,
og hirðir þar um hyski sitt
með hreinum myndarbrag.

Af alls kyns mat og öðru slíku
eldar hún þar fjöll

oní þrettán jólasveina
og áttatíu tröll.

::: Ó Grýla, ó Grýla, Ó Grýla
í gamla hellinum.:::

Ó, Gríla 3

Já matseldin hjá Grýlu greyi
er geysimikið streð.

Hún hrærir deig, og stórri sleggju
slær hún buffið með.

Með járnkarli hún bryður bein
og brýtur þau í mál
og hrærir skyr í stórri og sterkri
steypuhrærivél.

::: Ó Grýla, ó Grýla, ó Grýla
ó, Grýlaí gamla hellinum.:::

Ó, Grýla 4

Hún Grýla er mikill mathákur
og myndi undra þig.

Með malarskóflu moka alltaf
matnum upp í sig.

Og ef hún greiðir á sér hárið,
er það mesta basl,

því það er reitt og rifið

eins og ryðgað víradrasl.

::: Ó Grýla, ó Grýla, ó Grýla
í gamla hellinum.:::